

Nd.

476. Nefndarálit

[181. mál]

um frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1990.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarpinu var vísað til nefndarinnar 29. des. sl. Nefndin tók frumvarpið fyrir strax sama dag og hélt tvo fundi. Alls hafa verið haldnir sex fundir í nefndinni. Árni Kolbeinsson, ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, sat nokkra fundi nefndarinnar. Forstjóri Haf-rannsóknastofnunarinnar, Jakob Jakobsson, kom einnig á hennar fund. Þá óskaði formaður Landssambands smábátaeigenda, Arthur Bogason, eftir að koma á fund nefndarinnar og skýrði hann viðhorf samtakanna til frumvarpsins eins og það lá fyrir eftir afgreiðslu þess í efri deild. Formaður kynnti tillögur þær sem hann og formaður sjávarútvegsnefndar efri deildar sömdu þegar málið var til umræðu á sameiginlegum fundum nefndanna og reyndi að ná samstöðu um þessar tillögur eða um breytingu á þeim. Því var líklega tekið af sumum nefndarmönnum stjórnarflokkanna í byrjun en þegar komið var að afgreiðslu málsins náðist ekki samstaða um neina þeirra tillagna sem kynntar höfðu verið.

Fyrsti minni hl. er fjarri því að vera talsmaður eða fylgjandi almenns kvótakerfis í fiskveiðum. Hins vegar hafði hann áhuga á að allt yrði gert til að skapa sem víðtækast samstarf um afgreiðslu þessa mikilvæga máls á Alþingi. Því var undirritaður tilleiðanlegur til að ljá samþykki sitt við þetta frumvarp en þó að því tilskildu að komið væri til móts við skoðanir hans og fjölmargra annarra varðandi gildistíma laganna, skýr ákvæði um endurskoðun, veiðar smábáta, veiðar á úthafsækju, samráðsnefnd, aðstoð við byggðarlag þegar hætta er á byggðaröskun við sölu fiskiskipa úr byggðarlaginu o.fl. Þar sem meiri hl. féllst ekki á þessi sjónarmið gat undirritaður ekki átt samleið með honum við afgreiðslu málsins.

Fyrsti minni hl. flytur því breytingartillögur við frumvarpið á sérstöku þingskjali og ræður afdrif þeirra tillagna afstöðu hans til frumvarpsins í heild.

Það er skoðun undirritaðs að miðstýringu og skömmtunarkerfi, sem verið hafa í gildi síðustu tvö árin, hefði þurft að minnka en ekki bæta við þau býsn eins og gert er með frumvarpinu eftir afgreiðslu þess frá efri deild.

Alþingi, 4. jan. 1988.

Matthías Bjarnason,
form.